



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Akureyrarbær

Akureyri, 23. janúar 2024
MÍ202401-0085/ 6.09 / S.G.

Breytingu á deiliskipulagi við Austurveg, Eyjabyggð og Búðartanga, Hrísey.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Akureyrarbæjar frá 15. janúar 2023 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Austurveg, Eyjabyggð og Búðartanga, Hrísey. Hægt var að hlaða niður skipulagstillögunni, dags. 4. janúar 2024.

Tillagan gerir ráð fyrir að lóðir við Austurveg 15 og 17 stækki lítillega og heimilt verði að byggja þarhús eða fjórþýlishús á tveimur hæðum í stað einþýlis líkt og núverandi skipulag gerir ráð fyrir. Lóðir við Austurveg 19 og 21 verða áfram einþýlishúsalóðir en minnka lítillega.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir eyjuna, sjá Orri Vésteinsson 1999 *Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. Fornleifar í Hrísey* Fornleifastofnun Íslands FS071-9061 Reykjavík, skráningin uppfylli ekki staðla Minjastofnunar en gefur mjög góða mynd af dreifingu minja á svæðinu. Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra